

Fundur skipulags- og samgönguráðs 8. desember 2021:

Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins varðandi gönguleið við Hallgerðargötu – US210299

Lagt er til að gönguleiðir og lýsing við Hallgerðargötu, alla leið frá Sundlaugavegi að Kirkjusandi, verði kláruð sem fyrst.

Greinargerð:

Nú þegar Kirkjusandssvæðið er að fyllast af íbúum og iðar af lífi er brýnt að klára öruggar og vel lýstar gönguleiðir við Hallgerðargötu, alla leið frá Sundlaugavegi að Kirkjusandi.